

## Reglur fyrir Ungu og efnilega hjá Dansíþróttasambandi Íslands (DSÍ)

### 1. grein

Hópur Ungu og efnilegra er valinn af DSÍ ár hvert og gildir valið frá fyrsta Íslandsmóti ársins og fram að fyrsta Íslandsmóti ársins á eftir.

Þau pör sem eru í úrslitum í unglingum í fimm dönsum verða valin í hóp Ungu og efnilegra. Þetta á við um Íslands- og bikarmeistaramót í latin og ballroom dönsum ásamt Íslandsmeistaramótinu í 10 dönsum.

Allir sem eru í hópi Ungu og efnilegra skulu hafa siðareglur ÍSÍ og DSÍ að leiðarljósi.

### 2. grein

Landsliðsnefnd hefur yfirumsjón með Ungum og efnilegum og ákveður í samráði við landsliðsþjálfara DSÍ hvenær og hvernig staðið er að æfingum. Aðgangur Ungu og efnilegra að einkatímum hjá erlendum kennurum sem fengnir eru fyrir landslið DSÍ er ákveðinn hverju sinni eftir kennurum og aðstæðum.

Nýti hvorki landsliðspör né pör í Ungum og efnilegum alla þá tíma sem í boði eru hjá erlendum kennurum er landsliðsnefnd heimilt að bjóða aðildarfélögum DSÍ þá tíma.

### 3. grein

Það er ætlast til að þeir sem eru í Ungum og efnilegum stundi fullar æfingar með sínu íþróttafélagi jafnframt því að mæta á allar boðaðar æfingar hjá Ungum og efnilegum. Pör í Ungum og efnilegum eru fyrirmyndir annarra danspara og skulu haga sér samkvæmt því í hvívetna í allri framkomu og umfjöllun.

### 4. grein

Þeir sem ekki komast á æfingar þurfa að tilkynna það til landsliðsnefndar með góðum fyrirvara. Ætlast er til að pörin mæti á allar æfingar há Ungum og efnilegum nema í undantekningar tilfellum, s.s. vegna veikinda eða æfinga- eða keppnisferða erlendis. Forföll skal tilkynna tímanlega.

### 5. grein

Þeir sem ekki mæta ítrekað á boðaðar æfingar (án sannanlegra tilkynninga um forföll) gætu átt á hættu að vera vísað úr hópnum.

### 6. grein.

Ef eitthvert paranna hættir að dansa saman eftir að hafa verið valið í hópinn þá fellur viðkomandi par sjálfkrafa úr hópnum.

#### 7. grein

Hægt er að vísa danspörum úr hópnum vegna óíþróttamannslegrar hegðunar innan sem utan dansgólfsins, á mótum hér á landi sem og erlendis.

#### 8. grein

Foreldrar, forráðamenn og þörin sjálf geta ákveðið að viðkomandi hætti í hópnum.

#### 9. grein

Landsliðnefnd er heimilt að skipta hópnum í tvo flokka, ef ástæða er til og gætu því hóparnir æft á mismunandi tímum.

#### 10. grein

Dansþörin sjálf og aðstandendur, sem ekki eru sáttir við hvernig staðið er að æfingum eiga að koma sínum kvörtunum á framfæri við DSÍ, með formlegum hætti. Það á ekki að hafa beint samband við landsliðsþjálfara eða aðra sem kenna hópnum.

#### 11. grein

Landsliðsnefnd, að höfðu samráði við stjórn DSÍ, getur ákveðið að hver einstaklingur í Ungum og efnilegum fái treyju sem ætlast er til að sé notuð á mótum og/eða sýningum hérlandis sem og erlendis til að gera hópinn sýnilegan sem heild. Ef þar fellur úr hópi Ungra og efnilegra einhverra hluta vegna þá er ætlast til að það leggi treyjunni þar til viðkomandi kemst aftur í hópinn enda eru þær aðeins ætlaðar þörum í Ungum og efnilegum. Aðildarfélögum DSÍ og iðkendum þeirra sem eru ekki í hópi Ungra og efnilegra er óheimilt að nota treyjur sem eru eins eða líkar treyjum hópsins. Það sama á við um annan fatnað fyrir hópinn.

#### 12. grein

Í því tilfalli þar sem þar eða einstaklingur brýtur alvarlega af sér samkvæmt þessum reglum skal stjórn DSÍ funda um málið og taka afstöðu um hvort vísa eigi þarinn úr hópnum. Stjórn DSÍ skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en tekin er ákvörðun í því og gefa viðkomandi pari, eða forráðamanni, og fulltrúa aðildarfélags þarsins, kost á að tjá sig um málið áður en stjórn tekur ákvörðun. Eftir að stjórn DSÍ hefur tekið ákvörðun skal hún tilkynnt sömu aðilum.

Samþykkt af stjórn 20. Febrúar 2020